

Frá: Kjartan Magnússon

Sent: miðvikudagur, 26. október 2022 14:25

Til: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir <Thordis.Loa.Thorhallsdottir@reykjavik.is>; Helga Björk Laxdal <helga.laxdal@reykjavik.is>

Efni: Ósk um skrifstofu

Komið þið sælar.

Ég óska eftir því að eftirfarandi erindi verði tekið fyrir á næsta fundi forsætisnefndar:

Í 1. mgr. 5. gr. samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg segir eftirfarandi:

Reykjavíkurborg leggur hverjum borgarfulltrúa til skrifstofu og almennan skrifstofubúnað, þ.m.t. fartölvu, auk aðgangs að fundaraðstöðu.

Í samræmi við þessa grein óska ég eftir því að fá skrifstofu til afnota sem fyrst en nú eru rúmir fimm mánuðir liðnir af kjörtímabilinu. Ákjósanlegt væri að sú skrifstofa yrði í Tjarnargötu 12, þar sem margir borgarfulltrúar hafa nú skrifstofu, eða í Tjarnargötu 11 (ráðhúsinu), þar sem nokkrir borgarfulltrúar hafa skrifstofu eða skrifstofuaðstöðu.

Virðingarfyllst,

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.